



Minnisatriði
17. desember kl. 12:00
Einkunnaafhending—val staðfest

Frá kl. 12:30 til um 14:30
Prófsýning

Ert þú búin(n) að skila
 gögnum á bókasafnið?
 Ert þú búin(n) að gera upp
 efnisgjöld?



INNA

Aðgangur að Innu verður lokaður nemendum fram undir prófsýnidag. Eftir það geta nemendur sem hafa staðið skil á gjöldum og bókum skoðað einkunnir sínar. Kennurum er ekki heimilt að gefa upp einkunnir fyrir þennan tíma og nemendum er ekki heimilt að hafa samband við þá um lokaeinkunnir fyrr en á prófsýnidag.

PRÓFTAFLA HAUSTÖNN 2008

Próftaflan er birt með fyrirvara um breytingar sem gætu orðið.

Mán 01.12	08:30-10:30 11:00-13:00 13:00-15:00	STÆ 103 - 122 - 303 - 503** - 703**** STÆ 202 - 203 - 293 - 403** - 603*** STÆ 102
Þri 02.12	08:30-10:00 10:30-12:00	FRA 103 - 303 / ÞÝS 103 - 203 - 403 - 503 NÁT 113 / ÞÝS 303
Mið 03.12	08:30-10:00 10:30-12:00	DAN 102 - 152 / EDL 103 - 203 / SÁL 103 DAN 202 - 293 / EDL 303* / HAG 113 / SAG 203
Fim 04.12	13:00-15:00 08:30-10:00 10:30-12:00 13:00-14:30	Sjúkrapróf frá 1. des. BÓK 103 - 203 / EDL 383 / UPP 103 EFN 313 / HAG 103 / NAT 123 - 133 Sjúkrapróf frá 2. des.
Fös 05.12	08:30-10:00 10:30-12:00 13:00-14:30	ENS 102 - 103 - 293 / FRA 203 - 403 / STÆ 413 ENS 202 - 203 - 212 - 303 Sjúkrapróf frá 3. des.
Mán 08.12	08:30-10:00 10:30-12:00 13:00-14:30	ÍSL 202 - 203 - 212 - 303 - 503 ÍSL 102 - 103 - 363 - 403 Sjúkrapróf frá 4. des.
Þri 09.12	08:30-10:00 10:30-12:00 13:00-14:30	JAR 103 / NAT 103 FÉL 103 / STÆ 313 / VIÐ 123 Sjúkrapróf frá 5. des.
Mið 10.12	08:30-10:00 10:30-12:00 13:00-14:30	SPÆ 103 - 203 - 303 FÉL 203 / LÍF 103 - 203 / VIÐ 143 Sjúkrapróf frá 8. des.
Fim 11.12	08:30-10:00 10:30-12:00 13:00-14:30	SAG 103 / STÆ 523** / STÆ 103* fjarnám EFN 103 - 203 / VIÐ 103 Sjúkrapróf frá 9. des.
Fös 12.12	08:30-10:00 10:30-12:00	Sjúkrapróf frá 10. des. Sjúkrapróf frá 11. des.

Próftími:

Prófalengd er 90 mín. nema
 mánudag 01.12 og í sérmerktum
 prófum:
 * 120 mín.
 ** 150 mín.
 *** 180 mín.
 ****210 mín.

Miðvikudagur 17-12-2008

12:00 Einkunnaafhending, staðfesting á vali.

12:30 Prófsýning til kl. 14:30.

Ath. ekki er boðið upp á prófsýningu utan þessa tíma. Nemendur eru hvattir til að koma og sækja einkunnir, staðfesta val og skoða próf. Ekki er hægt að lofa breytingum á vali eða einkunnum eftir að prófsýningu lýkur.

Laugardagur 20-12-2008

Brautskráning í Hamarssal Flensburgskólans.



Gíróseðlar

með innritunargjöldum vorannar

Valblaðið sem nemendur skiluðu inn á valdag er um leið umsókn um skólavist á næstu önn.

Nú er verið að undirbúa útsendingu gíróseðla til allra sem hafa skilað vali og verða þar innheimt öll fastagjöld fyrir vorönnina. **Þeir** sem ekki hafa greitt á eindaga munu lenda á biðlista.

Af ýmsum ástæðum munu nokkrir þeirra sem skiluðu inn vali ekki fá gíróseðil. Eru þeir á biðlista fyrir næstu önn eða fá ekki skólavist.

Þú getur frestað prófi sjálf/ur gegn greiðslu. Sjá nánar hér að neðan.

Ef þú þarft að fresta prófi, vegna veikinda eða annarra ástæðna, þarf að tilkynna það fyrir kl. 12 þann dag sem aðalprófið er. Ganga þarf frá greiðslu daginn eftir (degi fyrir sjúkrapróf). Að fresta prófi kostar 1500 kr. Ef um veikindi er að ræða má skila vottorði frá lækni eða greiða 1500 kr.



Notaðu tímann vel í prófunum og gangi þér vel!

Reglur um próf

Um próf gilda eftirfarandi reglur:

1. Nemendur skulu koma stundvíslega til prófs. Þeir skulu áður hafa kynnt sér á auglýsingatöflu skólans hvar þeim er ætlaður staður í prófinu.
2. Hafi nemendur bækur eða annan farangur meðferðis í próf skal skilja hann eftir á kennaraborðinu eða þar sem yfirsetumaður ákveður.
3. Nemendur skulu hafa skriffæri með sér í próf, en skólinn leggur þeim til pappír. Þurfi þeir á öðrum tækjum að halda, t.d. vasatölvu, skulu þeir sjálfir hafa þau meðferðis. Ekki er heimilt að skiptast á um að nota sama tækið.
4. Nemendum er óheimilt að aðstoða aðra eða þiggja aðstoð frá öðrum í prófi. Þeim er einnig óheimilt að nota önnur hjálpargögn en þau sem sérstaklega eru leyfð hverju sinni. Brot á þessari reglu veldur tafarlausri brottvísun úr prófinu og falli á prófinu, en skóla-stjórn ákvarðar um frekari viðurlög.
5. Próftími er afmarkaður, að jafnaði 90 mínútur. Ekki er undir neinum kringumstæðum leyft að nota lengri tíma til prófsins en ákveðinn er hverju sinni. Nemandi sem kemur of seint til prófs fær ekki fram-lengdan tíma, heldur skerðist próftími hans sem seinkomunni nemur. Ekki er heimilt að skila úrlausnum fyrr en klukkustund er liðin frá upphafi prófsins, en eftir þann tíma fær enginn að hefja prófið.
6. Nemandi sem ekki getur komið í próf vegna veikinda skal tilkynna forföll í síðasta lagi kl. 12:00 að morgni prófdagsins. Hann skal stað-festa veikindin með læknisvottorði, til að fá að ganga undir sjúkra-próf. Vottorðinu er skilað áður en sjúkraprófið hefst.
7. **Einkunnir er hægt að skoða í INNU eftir 17. desember.** Kennurum er óheimilt að gefa upp einkunnir fyrr, þótt eftir því sé leitað.
8. Ef þú þarft að fresta prófi, vegna veikinda eða annarra ástæðna, þarf að tilkynna það fyrir kl. 12 þann dag sem aðalprófið er. Ganga þarf frá greiðslu daginn eftir (degi fyrir sjúkrapróf). Að fresta prófi kostar 1500 kr. Ef um veikindi er að ræða má skila vottorði frá lækni eða greiða 1500 kr.